



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Dís Sigurgeirsdóttir, starfandi sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um biðlista eftir heimastuðningi (félagslegri heimaþjónustu).

Á fundi velferðarráð þann 21. september 2022 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn um biðlista eftir heimastuðningi (félagslegri heimaþjónustu):

Hinn 1. september sl. voru 118 á bið eftir félagslegri heimaþjónustu. Flokkur fólksins vill spyrja hvar þetta fólk er stadd? Hvað margir eru heima að bíða? Hvað margir eru hjá aðstandendum? Hvað margir eru á hjúkrunarheimilum, þjónustukjarna og hvað margir eru fastir á Landspítala - háskólasjúkrahúsi vegna þess að þeir geta ekki farið heim því enga heimaþjónustu er að fá. Árið 2019 biðu 271. Ástandið er búið að vera slæmt í áratugi. Aðeins hefur verið hægt að sinna þeim sem eru veikastir.

Svar:

Í reglum Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs þann 6. október 2021 og á fundi borgarráðs þann 14. október 2021 eru ákveðin skilyrði fyrir því að umsókn um heimastuðning sé samþykkt. Skv. 4. gr. reglnanna þurfa umsækjendur m.a. að eiga lögheimili í Reykjavík þegar sótt er um, búa í sjálfstæðri búsetu og vera metnir í þörf fyrir þjónustu. Einstaklingar, sem dveljast á sjúkrahúsi, búa á hjúkrunarheimili eða stofnun þar sem greidd eru daggjöld frá ríkinu, eiga ekki rétt á þjónustu samkvæmt reglunum.

Reglurnar gera ráð fyrir að allir sem eru á biðlista séu í sjálfsæðri búsetu, þ.e. búi heima hjá sér en ekki hjá öðrum. Ekki er vitað til þess að framkvæmdin sé önnur. Starfsfólk þjónustuíbúðarkjarna veitir heimastuðning og hann hefst um leið og fólk flytur inn. Þeir sem eru að útskrifast af sjúkrahúsi eru í forgangi að fá þjónustu og fara því ekki á biðlistann. Það skal tekið fram að hér er einungis verið að tala um heimastuðning en ekki heimahjúkrun. Heimahjúkrun er fyrir fólk á öllum aldri sem býr heima hjá sér og þarfnast reglulegrar heilbrigðisþjónustu. Hún felur í sér heimsóknir hjúkrunarfræðinga eða sjúkraliða.

Samþykktar umsóknir um heimastuðning raðast í forgangs röð með hliðsjón af mati á stuðningsþörf umsækjanda. Sé ekki unnt að hefja stuðning um leið og umsókn er samþykkt er umsækjanda tilkynnt um ástæður þess, forgangs röðun umsóknar hans og hvenær áætlað er að stuðningur geti hafist, með hliðsjón af forgangs röðun. Forgangsraðað er í 1) mjög mikla 2) mikla 3) meðal og 4) væga stuðningsþörf.